

Ályktun foreldra í Menntaskólanum í Reykjavík

19. nóvember 2020

Framhaldsskólanemar sem eru viðkvæmur hópur sem verður fyrir miklum áhrifum af farsóttinni og sóttvörnum. Foreldrar nemenda í Menntaskólanum í Reykjavík vilja benda á mikilvægi þess að huga að þessu unga fólki.

Truflanir á starfsemi framhaldsskóla hafa skaðleg áhrif á velferð ungmenna sem ekki geta sótt skóla vikum og mánuðum saman. Langvarandi truflun á staðkennslu getur rýrt nám þeirra og skaðað félagslegan þroska og andlega líðan. Áhrifin koma misjafnt niður. Sumir búa í rýmra húsnæði og eiga foreldra sem geta stutt betur við börn sín. Þeir eiga auðveldara með að sinna námi heima á meðan aðrir standa veikar fyrir. Þessi skaðlegu áhrif koma smám saman fram og geta mögulega orðið langvarandi, hvort sem er í andlegri líðan þessa aldurshóps eða framgöngu í skólakerfinu með hættu á brottfalli. Til viðbótar við þetta viðkvæma ástand nú, hefur komið fram að andleg heilsa nemenda á framhaldsskólastigi hefur versnað síðustu ár og sömuleiðis hefur brottfall framhaldsskólanema hér á landi mælst með því mesta á Norðurlöndum.

Fyrir nokkrum árum var framhaldsskólanám stytta um eitt ár. Varð við það truflun sem hefur krafist aðlögunar af hálfu nemenda og kennara og nú bætast afleiðingar farsóttarinnar við. COVID mun væntanlega trufla skólagöngu í upp undir eitt ár. Þetta á sérstaklega við nemendur í bekkjarskólum en nemendur í áfangaskólum hafa svigrúm til þess að fresta námskeiðum á meðan farsóttin herjar á samfélagið og lengja í staðinnám sitt. Nemendur í bekkjarskólum eins og Menntaskólanum í Reykjavík hafa ekki slíkt svigrúm. Þessu til viðbótar býr skólinn við þröngan húsnæðiskost sem setur kennslu enn þrengri skorður enda þótt slakað verði á sóttvörnum.

Mikilvægt og jákvætt skref hefur nú verið stigið í að tryggja skólahald og velferð nemenda í framhaldsskólum með því að gera nemendum kleift að viðhafa staðnám það sem eftir lifir yfirstandandi annar. Enn mikilvægara er að möguleiki til staðnáms á komandi vorönn verði tryggður eins og kostur er.

Við viljum leggja okkur fram til þess að ráðstafanir heilbrigðisyfirvalda nái árangri og þeim sóttvarnareglum sé fylgt sem í gildi eru hverju sinni. Við biðjum hins vegar um að eftirfarandi verði haft í huga við skipulag skólahalds og sóttvarna á vormisseri:

- Mikilvægi skólastarfs verði haft í huga við slökun á sóttvörnum og í ljósi þess hversu nemendur eru á viðkvæmum aldri, látið hafa forgang yfir aðra starfsemi. Skólasókn á þessum árum er undirstaða tækifæra og framtíðar þessara einstaklinga og velferðar samfélagsins.
- Menntaskólanum í Reykjavík verði útvegað viðbótarhúsnæði til þess að tryggja staðkennslu á vormisseri þótt 2-metra eða 1-metra regla verði áfram við lýði. Við bendum á að í miðbæ Reykjavíkur er umtalsvert húsnæði sem stendur ónotað og hægt væri að nota í kennslu.
- Til þess að tryggja jafnræði á milli menntaskóla, þ.e.a.s. bekkjarskóla og áfangaskóla, verði nemendum í bekkjarskólum veitt svigrúm til þess að skipuleggja nám sitt í vor og skólaárið 2021-

2022. Hægt væri að bjóða upp á sumarnám sumarið 2021 og/eða leyfa nemendum að bæta við sig einu ári og ljúka stúdentsprófi á fjórum árum eins og áður tíðkaðist.

Við beinum tilmælum til menntamálaráðherra að hún veiti auknu fjármagni til skólans til þess að skólastjórnendur hafi svigrúm til að aðlaga skólastarf að hag nemenda og velferð á meðan á faraldri stendur. Við blasir að þessu fjármagni væri vel varið í ljósi þeirra hagsmuna sem undir liggja. Enn fremur hvetjum við ráðherra til að veita skólastjórnendum nauðsynlegt svigrúm til að laga skólastarf að þeim kostum sem þeir standa frammi fyrir.

Við trúum því að með þessum aðgerðum verði hægt að vernda framtíð þess unga fólks sem nú stundar nám við Menntaskólann í Reykjavík og aðra framhaldsskóla en jafnframt standa vörð um mikilvægar ráðstafanir stjórnvalda í almannavörnum.

Stjórn foreldrafélag Menntaskólans í Reykjavík,

Bryndís Kristjánsdóttir

Gylfi Magnússon

Gylfi Zoega

Sigríður Hermannsdóttir

Áslaug Kristjánsdóttir

Erlendur Svavarsson

Geirprúður Alfreðsdóttir

Katrín Heiðar

Rósa Björk Brynjólfsdóttir

Thor Aspelund